



**MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU OG
ALÞJÓÐLEGA BAROKKSVEITIN Í HALLGRÍMSKIRKJU**

HALLGRÍMSKIRKJA

Laugardaginn

7. desember 2019 kl. 18.00

Sunnudaginn

8. desember 2019 kl. 16.00

EINSÖNGVARAR

Herdís Anna Jónasdóttir sópran

David Erler kontratenór

Martin Vanberg tenór

Jóhann Kristinsson bassi

STJÓRNANDI

Hörður Áskelsson



Ávarp stjórnaða

*„Sú þjóð sem í myrkri gengur
sér mikið ljós.“*

Þessi orð Jesaja spámanns sem Händel tónsetti sem þátt í óratóriunni Messías fyrir tæpum 280 árum eru lýsandi spádómur fyrir heimsbyggðina á viðsjárverðum tímum. Hlutverk listar og trúar er brýnt í samfélagi okkar, að lýsa upp myrkur, að leiða til ljóss. Óratórían Messías segir sögu frelsarans með orðum sem flest voru skráð löngu áður en hann sjálfur var lagður í jötu á hinum fyrstu jölum, hann sem er ljós heimsins. Óratórían er óður til ljóss, huggunar, fyrirgefningar og uppris. Hún horfir ekki fram hjá skuggahliðunum, sem óhjákvæmilega fylgja mennskunni, en hún túlkar á sannfærandi hátt fullnaðarsigur ljóssins. Orðunum, sem dregin eru saman úr ólíkum ritum

Bíblíunnar, er í tónlist Händels gefinn búningur sem engan lætur ósnortinn.

Í Hallgrímskirkju njótum við þeirra forréttinda að fá að flytja stórvirkið Messías. Það er mikið þakkar- og fagnaðarefni fyrir mig að fá að leiða einvalalið söngvara og hljóðfæraleikara í flutningi á þessu einstaka verki, sem ég stjórnaði fyrst á þessum stað í byrjun árs 2009 með Alþjóðlegu barokksveitinni og kórnum Schola cantorum. Áður höfðum við flutt Händel-óratóriurnar Sál, Jósúa og Ísrael í Egyptalandi, og árið 2015 flutti Mótettukórinn óratóriuna Salómon, sömuleiðis eftir Händel. Öll varða þessi verk leið okkar að Messías. Um leið og ég býð tónleikagesti velkomna í Hallgrímskirkju óska ég þeim gleðilegra jóla, árs og friðar.

Höður Áskelsson



Um Messías

Georg Friedrich Händel var afkastamikið tónskáld. Númeruð tónverk hans eru rétt rúmlega 600 og þar á meðal eru 42 óperur, 29 óratóirur og rúmlega 120 kantötur. Geri aðrir betur. Í langflestum þessara verka sýnir höfundurinn af sér dramatískt næmi og melódíska andagift sem er við brugðið. Þó að Händel hafi oftast unnið allhratt urðu afköstin sjaldan eða aldrei meiri en þegar hann samdi Messías; á 24 dögum í ágúst og september árið 1741 ruddi hann út úr sér verkinu af slíku offorsi að eiginhandarrit hans, heilar 259 síður, lítur stundum út eins og slettumálverk eftir Jackson Pollock. Frágangur þess ber upprunum vitni. Það má reyndar ekki gleyma því að suma kafla endurnýtti Händel úr eldri verkum, sem hefur líklega varnað því að hann bræddi úr sér við skriftirnar, en ringulreiðin og öskurkennd tilorðning verksins er þeim mun merkilegri fyrir það hversu friður þess er djúpur, lotningin einbeitt og einlægni þess sönn. Händel náði sambandi við eitthvað eða einhvern meðan á þessu stóð. Enda sagðist hann hafa séð guð almáttugan og himneska herskara í sýn þegar hann lauk við Hallelúja-kórinn, og grátið.

Samtímamenn kveiktu um leið á verkinu þegar það var frumflutt í Dyflinni á Írlandi vorið 1742. Svo vel spurðist Messías út að kavalérar voru vinsamlegast beðnir um að skilja sverð sín eftir heima og frúr að mæta í einföldum pilsum án gjarða. Þannig mætti koma fleiri áheyrendum fyrir og selja fleiri miða! Händel var í góðu sambandi við mammon og yrði sagður hafa „markaðslega kvika færni“ nú á dögum. Og markaðurinn stækkaði bara og stækkaði, í margs konar skilningi, því að vinsældir Messíasar jukust með hverju árinu sem leið eftir dauða Händels. Allir vildu Messías kveðið hafa; sjálfur Mozart dundaði sér eitt sinn við að útsetja

Messías upp á nýtt með alls konar mótartískum krúsidúllum. Smekkur manna hneigðist snemma í þá átt að flytja verkið með miklum kórum og stórum hljómsveitum uns svo var komið laust eftir miðbik 19. aldar að tónleikauppfærsla á Messíasi með um 3.000 flytjendum þótti ekki sérstaklega fréttuð.

Upp úr því fór sumum að leiðast þófið og tóku til við að flysja 19. öldina utan af Messíasi. Það gerðu þeir með því að rýna vel og lengi í hrafnasparkið í eiginhandarritinu tætta frá 1741 svo að hver leikin nóta líktist sem mest því sem Händel ætlaðist til. Þegar upprunaflutningur náði verulegu flugi eftir miðbik 20. aldar var eins og einhver hefði fægt gamlan og óhreinan spegil; sá Messías sem kom í ljós var glæsilegri, innilegri og fegurri en sá sem menn höfðu vanist. Verkið verður leikið í þessum anda upprunastefnunnar í dag, á hljóðfæri sem Händel hefði líklega þekkt hljóminn úr sjálfur.

Messías er dramatískur í eðli sínu, þar er sögð mikil og háleit saga með aðferðum barokkóperunnar. Sagan er á stundum beitt og óvægin en miðar alltaf að fögnuðinum sem tenórinn syngur um í blábyrjun, eins og spámaður á eintali við áheyrendur; þeim fögnuði að áþjánín sé á enda og að sektin sé goldin.

Góða skemmtun!



Atli Freyr Steinþórsson

Herdís Anna Jónasdóttir, sópran



Herdís Anna Jónasdóttir stundaði söngnám við Tónlistarskólann á Ísafirði. Hún fór í framhaldsnám í söng við Listaháskóla Íslands og Hochschule für Musik Hanns Eisler í Berlín. Hún lauk prófi þaðan árið 2012 með ágætiseinkunn og var þá ráðin að óperustúdíóinu við Zürich-óperuna. Árin 2013–2018 var hún fastráðin við Ríkisóperu Saarlands, en er nú sjálfstætt starfandi og býr í Berlín. Herdís hefur tekið þátt í óperuuppfærslum í Þýskalandi, á Íslandi og í Sviss. Meðal helstu hlutverka eru Adina í Ástardrykknum, Adele í Leðurblökunni, Zerlina í Don Giovanni og Oscar í Grímudansleiknum. Herdís

hefur komið fram á tónleikum með Kammersveit Reykjavíkur, á Carl Orff-tónlistarhátíðinni, með Ríkishljómsveit Saarlands, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveitinni í Canberra. Árið 2012 var Herdís í hlutverki Musettu í La bohème í Íslensku óperunni, og nú nýverið var hún þar í hlutverki Violettu Valéry í La traviata. Herdís hefur áður komið fram með Mótettukórnum, síðast við frumflutning á Mysterium eftir Hafliða Hallgrímsson á Kirkjulistahátíð í júní 2019. Þá var Herdís félagi í Mótettukórnum um stutt skeið á námsárum sínum.

David Erler, kontratenór



Þjóðverjinn David Erler er meðal helstu kontratenóra af yngri kynslóðinni. Hann nam söng og tónlistarfræði í Leipzig og sótti meistaranámskeið hjá Andreas Scholl og The King's Singers. David Erler kemur reglulega fram með stjórnendum á borð við Philippe Herreweghe, Jos van Immerseel, Hans-Christoph Rademann og Gotthold Schwarz. Erler leggur sérstaka rækt við endurreisnartónlist og tónlist 17. og 18. aldar. Söng hans má heyra á fleiri en 70 hljómplötum og hann kemur reglulega fram á tónlistarhátíðum í Þýskalandi og

Austurríki. Undanfarið hefur David Erler tekið að sér ritstjórnar- og fræðistörf í auknum mæli; hann var til að mynda nýlega ráðinn ritstjóri heildarútgáfu á verkum tónskáldsins Johanns Kuhnau hjá útgáfufyrirtækinu virta Breitkopf & Härtel. Fram undan hjá David Erler eru uppfærslur á Jóhannesarpassíu Bachs í Würzburg, Maríuvesper Monteverdis í Leipzig og á Jónlaóratóríu Bachs í Bremen. David Erler kom síðast fram í Hallgrímskirkju á Kirkjulistahátíð í júní 2019 þar sem hann söng í kantötum eftir Bach.

Martin Vanberg, tenór



Svíinn Martin Vanberg er í fremstu röð meðal barokksöngvara á Norðurlöndum. Hann nam við Konunglega tónlistarskólann í Stokkhólmi og Konunglegu óperuakademiuna í Kaupmannahöfn. Hann hefur komið fram með mörgum virtum upprunahljómsveitum í Evrópu, Bandaríkjunum og Ástralíu, þar á meðal með Accademia Bizantina, Europa Galante, Akademie für alte Musik Berlin og Concerto Copenhagen. Vanberg hefur starfað með stjórnendum á borð við Ottavio Dantone, Lars Ulrich Mortensen, Andrew Manze

og Fabio Biondi. Vanberg leggur rækt við nútímatónlist; til að mynda tók hann þátt í flutningi á verki Huga Guðmundssonar, Hamlet in Absentia, á Evrópskum óperudögum í Hörpu árið 2017. Undanfarin misseri hefur Vanberg sungið í H-moll-messu Bachs, Sálumessu Mozarts og í Ísrael í Egyptalandi eftir Händel. Þá hlaut hann afbragðsdóma fyrir frammistöðu sína í óperunni Ariodante eftir Händel í Stokkhólmi. Fram undan eru uppfærslur á H-moll-messu Bachs í Björgvin og á Orfeusi í undirheimum eftir Offenbach í Malmö.

Jóhann Kristinsson, bassi



Jóhann Kristinsson hóf söngnám sitt hjá Bergþóri Pálssyni og hélt til framhaldsnáms í Hochschule für Musik Hanns Eisler í Berlín hjá Scot Weir, þaðan sem hann útskrifaðist árið 2017. Þar naut hann einnig leiðsagnar Thomasar Quasthoffs meðal annarra. Jóhann vann þriðju verðlaun og áheyrendaverðlaun í alþjóðlegu söngkeppninni Das Lied í Heidelberg árið 2017. Hann hefur komið fram á tónlistarhátíðum í Heidelberg, Oxford og í Dresden og sungið í uppfærslum Íslensku óperunnar. Hann hefur unnið með stjórnendum á borð við Herbert Blomstedt og Kent Nagano. Árið 2018 hlaut Jóhann

Íslensku tónlistarverðlaunin í flokknum Bjartasta vonin í sígildri og samtímatónlist og var sömuleiðis tilnefndur sem söngvari ársins og fyrir tónlistarviðburð ársins. Jóhann bar sigur úr býtum í hinni virtu söngkeppni Stella Maris í september 2019. Á þessu tónleikaári kemur hann fram með Fílharmoníuhljómsveit norðurbýska útvarpsins NDR, Sinfóníuhljómsveit bæverska útvarpsins og kammersveit Scala-óperunnar. Þá kemur hann fram í Ríkisóperunni í Hamborg í Madama Butterfly eftir Puccini, La traviata eftir Verdi og í samtímaverkinu Ichundlich eftir Johannes Harneit.

Hörður Áskelsson

Hörður Áskelsson hefur verið organisti og kantor Hallgrímskirkju frá því að hann lauk framhaldsnámi í Düsseldorf í Þýskalandi árið 1982. Hann hefur gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu listalífs kirkjunnar og stóð meðal annars að stofnun Listvinafélags Hallgrímskirkju, Kirkjulistahátíðar og Alþjóðlegs orgelsumars.

Árið 1982 stofnaði hann Mótettukór Hallgrímskirkju og kammerkórinn Schola cantorum árið 1996. Með kórnum hefur hann flutt margar helstu perlur kórbókmenntanna bæði með og án undirleiks. Söng kóranna má heyra á mörgum hljómdiskum. Hörður hefur stjórnað frumflutningi margra verka fyrir kór og hljómsveit sem íslensk tónskáld hafa skrifað fyrir hann og kórana hans. Má þar nefna tónskáldin Þorkel Sigurbjörnsson, John Speight, Sigurð Sævarsson, Hafliða Hallgrímsson, Áskel Mátsson og Hauk Tómasson.

Hörður hefur stýrt fyrsta flutningi á Íslandi á nokkrum stórum óratóríum og kórverkum, einkanlega frá barokktímanum, og má þar nefna Sál, Jósúa, Ísrael í Egyptalandi og Salómon eftir Händel, Requiem eftir Campra og Pál postula eftir Mendelssohn. Hörður hefur æft báða kóra sína fyrir flutning fjölmargra verka

með Sinfóníuhljómsveit Íslands, bæði í Háskólabíói og Hörpu. Þungamiðja í þeirri vinnu hefur verið flutningur og upptökur á nær öllum verkum Jóns Leifs fyrir kór og hljómsveit, sem gefin hafa verið út á mörgum hljómdiskum hjá útgáfufyrirtækinu BIS í Svíþjóð. Á meðal helstu verka þeirrar útgáfu eru Edda I, Edda II (sem kom út nýverið), Íslandskantata, Baldur og Hafís.

Sem organisti hefur Hörður átt farsælan feril, haldið orgeltónleika víðs vegar, frumflutt tónverk margra íslenskra tónskálda og leikið inn á hljómdiska, bæði sem einleikari og meðleikari. Hörður hefur kennt orgelleik og kórstjórn við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og á árunum 1985–1995 var hann lektor í litúrgískum söngfræðum við guðfræðideild Háskóla Íslands. Hörður gegndi embætti söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar árin 2005–2011. Hann hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir framlag sitt til tónlistarlífs á Íslandi, þar á meðal Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2001, riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2004 og Íslensku bjartsýnisverðlaunin árið 2006. Þá var hann útnefndur borgarlistamaður Reykjavíkur árið 2002.



Mótettukór Hallgrímskirkju

Mótettukór Hallgrímskirkju var stofnaður árið 1982 og hefur lengi verið meðal fremstu kóra á Íslandi. Verkefnalisti kórsins er langur og fjölskrúðugur og má þar finna fjölmargar óratóríur, passíur og sálumessur en einnig kórverk án undirleiks frá ýmsum tímum, auk þess sem kórinn hefur frumflutt fjölda íslenskra tónverka. Kórinn hefur haldið tónleika erlendis og tekið þátt í kórakeppnum, nú síðast í Lettlandi haustið 2018. Árið 2014 var Mótettukórinn útnefndur besti kórinn í keppninni Cançó Mediterrània á Spáni. Hljómplötur með söng kórsins hafa hlotið góðar viðtökur heima og erlendis, einkanlega plötur með verkum eftir Duruflé og Hafliða Hallgrímsson. Jólaplötur Mótettukórsins hafa notið mikilla vinsælda enda eru árlegir jólatónleikar kórsins ómissandi þáttur í tónlistarlífi Reykjavíkur

Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju

Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju er skipuð úrvalshljóðfæraleikurum víðs vegar að úr heiminum, en meðlimir sveitarinnar eiga það flestir sameiginlegt að hafa numið við Konunglega tónlistarháskólann í Den Haag í Hollandi. Að námi loknu hafa meðlimir sveitarinnar haslað sér völl sem eftirsóttir hljóðfæraleikarar og leika nú reglulega með mörgum af helstu upprunasveitum heims undir stjórn nafntogaðra stjórnenda. Má þar nefna hljómsveitir á borð við Les Arts Florissants, Bach Collegium Japan, Orchestra of the Age of Enlightenment, Collegium Vocale Gent og stjórnendur á borð við William Christie, Ton Koopman, Masaaki Suzuki og Philippe Herreweghe. Meðlimir Alþjóðlegu barokksveitarinnar hafa verið tíðir gestir á Íslandi frá því að þeir komu

á aðventunni. Meðal stærri verkefna undanfarin ár má geta flutnings kórsins á óratóríunni Salómon eftir Händel á Kirkjulistahátíð, en fyrir flutninginn var kórinn tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Árið 2016 flutti kórinn Te Deum eftir Charpentier og Messu í F-dúr eftir Bach á þrjátíu ára vígsluafmæli Hallgrímskirkju. Kórinn hefur reglulega komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands, til að mynda á Listahátíð árið 2018 í Sinfóníu nr. 2 eftir Mahler. Þá flutti kórinn H-moll-messu Bachs á 35 ára afmæli kórsins með Alþjóðlegu barokksveitinni í Hallgrímskirkju árið 2017. Á Kirkjulistahátíð 2019 frumflutti kórinn óratóriuna Mysterium eftir Hafliða Hallgrímsson sem sagt var „sérlega tilkomumikið“ verk í blaðagagnrýni.

fyrst til að taka þátt í flutningi á Jólaóratóríu Bachs árið 2004 og 2005, en sveitin kemur nú saman til tónleikahalds með kórum Hallgrímskirkju undir stjórn Harðar Áskelssonar í tólfta sinn. Meðal verka sem Alþjóðlega barokksveitin hefur leikið með Mótettukór Hallgrímskirkju eru Matteusarpassía, Jóhannesarpassía og H-moll-messa Bachs, Salómon eftir Händel og Te Deum eftir Charpentier, en með Schola cantorum hefur sveitin flutt Messías og Ísrael í Egyptalandi eftir Händel og Jólaóratóríu Bachs. Síðast lék sveitin í Hallgrímskirkju á Kirkjulistahátíð árið 2019 og flutti verk eftir Bach, Telemann og Vivaldi. Hljómsveitin hefur undantekningarlaust fengið frábæra dóma fyrir leik sinn og hefur átt ómetanlegan þátt í að kynna flutningsmáta upprunastefnu og hljóðfæri barokktímans hér á landi.

Mótettukór Hallgrímskirkju

Sópran

Anna Lotta Michaelsdóttir
Auður Perla Svansdóttir
Ásdís Kristmundsdóttir
Ásta Marý Stefánsdóttir
Guðfinna Indriðadóttir
Guðrún Hólmgeirsdóttir
Halla Björgvinsdóttir
Halldís Ólafsdóttir
Hugrún Hólmgeirsdóttir
Larissa Weidler
Snæfríður Björnsdóttir
Šárka Wohlmuthová
Unnur Hjálmarsdóttir
Vilborg Magnúsdóttir
Þorgerður María Þorbjarnard.

Alt

Anna Lilja Torfadóttir
Björg Sigurðardóttir
Bryndís Bergþórsdóttir
Halla Jónsdóttir
Helga Margrét Helgadóttir
Helga Sigríður Þórsdóttir
Herdís Hergeirsdóttir
Katrín Sverrisdóttir
Kristín Bergsdóttir
Lenka Mátéová
Ragnheiður Þórdís Gylfad.
Valgerður Ólafsdóttir

Tenór

Andrés Narfi Andrésson
Gísli Magnússon
Gunnar Thor Örnólfsson
Hafsteinn Már Einarsson
Hjálmar Benónýsson
Hrafnkell Karlsson
Ingibjartur Jónsson
Karl Friðrik Hjaltason
Magnús Pétursson
Þorsteinn Björnsson
Þórhallur Vilhjálmsson

Bassi

Arnar Freyr Kristinsson
Atli Sævar Ágústsson
Atli Freyr Steinþórsson
Björn Bjarnsteinsson
Eðvarð Ingólfsson
Egill Pétursson
Eric Heinen
Gunnar Örn Gunnarsson
Hrólfur Gestsson
Sigurður Sævarsson
Snorri Sigurðsson

Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju

Fyrsta fiðla

Tuomo Suni, konsertmeistari
Joanna Huszcsa
Anne Pekkala
Guðbjartur Hákonarson

Önnur fiðla

Antina Hugosson
Jacek Kurzydło
Halla Steinunn Stefánsd.
Claire Fahy

Víóla

Guðrún Hrund Harðard.
Svava Bernharðsdóttir

Selló

Emily Robinson
Steinunn Arnbjörg Stefánsd.

Kontrabassi

Elise Christiaens

Óbó

Diego Nadra
Gilberto Caserio

Fagott

Lisa Goldberg

Trompet

Geerten Rooze
David Kjar

Pákur

Frank Aarnink

Orgel og semball

Cvetanka Sozovska

Tónleikagestum er bent á að eitt hlé, 20 mínútna langt, verður gert á tónleikunum og verður það að loknum 27. kafla.

PART ONE

The prophecy and realization of God's plan to redeem mankind by the coming of the Messiah.

1 OVERTURE Sinfony

2 ACCOMPAGNATO (Tenor)

Comfort ye, comfort ye my people,
saith your God.
Speak ye comfortably to Jerusalem,
and cry unto her,
that her warfare is accomplished,
that her iniquity is pardoned.

The voice of him that crieth in the wilderness,
Prepare ye the way of the Lord,
make straight in the desert a highway for our God.

3 AIR (Tenor)

Every valley shall be exalted,
and every mountain and hill made low,
the crooked straight,
and the rough places plain.

4 CHORUS

And the glory of the Lord shall be revealed,
and all flesh shall see it together:
for the mouth of the Lord hath spoken it.

FYRSTI HLUTI

Spádómurinn um og uppfylling áætlunar Guðs um endurlausn mannkyns með komu Messíasar.

1. FORLEIKUR Sinfónía

2. TÓNLES (Tenór)

Huggið, huggið lýð minn,
segir Guð yðar.
Hughreystið Jerúsalem
og boðið henni
að áþján hennar sé á enda,
að sekt hennar sé goldin.

Heyr, kallað er:
„Greiðið Drottni veg um eyðimörkina,
ryðjið Guði vorum beina braut í auðninni“.

(Jes 40.1-3)

3. ARÍA (Tenór)

Sérhver dalur skal hækka,
hvert fjall og háls lækka.
Hólar verði að jafnsléttu
og hamrar að dalagrundum.

(Jes 40.4)

4. KÓR

Þá mun dýrð Drottins birtast
og allt hold sjá það samtímis
því að Drottinn hefur boðað það.

(Jes 40.5)

5 ACCOMPAGNATO (Bass)

Thus saith the Lord, the Lord of Hosts; Yet once a little while and I will shake the heav'ns and the earth, the sea and the dry land: And I will shake all nations; and the desire of all nations shall come.

The Lord, whom ye seek, shall suddenly come to His temple, even the messenger of the Covenant, whom ye delight in: behold, He shall come, saith the Lord of Hosts.

6 AIR (Alto)

But who may abide the day of His coming, and who shall stand when He appeareth? For He is like a refiner's fire.

7 CHORUS

And He shall purify the sons of Levi, that they may offer unto the Lord an offering in righteousness.

8 RECITATIVE (Alto)

Behold, a virgin shall conceive and bear a Son, and shall call his name Emmanuel, GOD WITH US.

9 AIR (Alto) & CHORUS

O thou that tellest good tidings to Zion, get thee up into the high mountain. O thou that tellest good tidings to Jerusalem, lift up thy voice with strength; lift it up, be not afraid; say unto the cities of Judah, behold your God! O thou that tellest good tidings to Zion.

5. TÓNLES (Bassi)

Því að svo mælir Drottinn allsherjar: Eftir skamma hríð mun ég hræra bæði himin og jörð, hafið og þurrlendið. Ég mun hræra allar þjóðir svo að þær munu flytja fjársjóði sína hingað,

(Hag 2.6–7)

Drottinn, sem þið leitið, kemur skyndilega til musteris síns og boðberi sáttmálans, sem þið þráið, hann kemur, segir Drottinn hersveitanna.

(Mal 3.1)

6. ARÍA (Alt)

Hver getur afborið daginn þegar hann kemur, hver fær staðist þegar hann birtist? Hann er eins og eldur í bræðsluofni.

(Mal 3.2)

7. KÓR

Hann hreinsar syni Leví. Þá munu þeir færa Drottni fórnargjafir á réttan hátt.

(Mal 3.3)

8. TÓNLES (Alt)

Sjá, yngismær verður þunguð og fæðir son og lætur hann heita Immanuel; Guð með oss.

(Jes 7.14b; Matt 1.23b)

9. ARÍA (Alt) og KÓR

Stíg upp á hátt fjall, Síon, fagnaðarboði.
Hef upp raust þína kröftuglega, Jerúsalem, fagnaðarboði.
Hef upp raustina og óttast eigi,
seg borgunum í Júda: Sjá, Guð yðar kemur,
Síon, fagnaðarboði.

(Jes 40.9)

Arise, shine, for thy Light is come, and the glory of the Lord is risen upon thee.

10 ACCOMPAGNATO (Bass)

For behold, darkness shall cover the earth,
and gross darkness the people;
but the Lord shall arise upon thee,
and His glory shall be seen upon thee.
And the Gentiles shall come to thy light,
and kings to the brightness of thy rising.

11 AIR (Bass)

The people that walked in darkness
have seen a great light;
and they that dwell in the land of the shadow of death,
upon them hath the light shined.

12 CHORUS

For unto us a Child is born,
unto us a Son is given,
and the government shall be upon His shoulder;
and His name shall be called
Wonderful, Counsellor, the Mighty God,
the Everlasting Father, the Prince of Peace.

13 PASTORAL SYMPHONY (Pifa)

14 RECITATIVE (Soprano)

There were shepherds abiding in the field, keeping
watch over their flocks by night.

Statt upp, skín þú, því að ljós þitt kemur
og dýrð Drottins rennur upp yfir þér.

(Jes 60.1)

10. TÓNLES (Bassi)

Myrkur grúfir yfir jörðinni
og sorti yfir þjóðunum
en Drottinn er runninn upp yfir þér
og dýrð hans birtist yfir þér.
Þjóðir munu stefna á ljós þitt
og konungar á ljómann sem rennur upp yfir þér.

(Jes 60.2-3)

11. ARÍA (Bassi)

Sú þjóð, sem í myrkri gengur,
sér mikið ljós.
Yfir þá sem búa í landi náttmyrkranna
skín ljós.

(Jes 9.2)

12. KÓR

Því að barn er oss fætt,
sonur er oss gefinn.
Á hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla,
hann skal nefndur:
Undraráðgjafi, Guðhetja,
Eilífðarfaðir, Friðarhöfðingi.

(Jes 9.5)

13. HJARÐLJÓÐ Sinfónía

14. TÓNLES (Sópran)

En í sömu byggð voru hirðar úti í haga og gættu um
nóttina hjarðar sinnar.

(Lúk 2.8)

15 ACCOMPAGNATO (Soprano)

And lo, the angel of the Lord came upon them, and the glory of the Lord shone round about them, and they were sore afraid.

16 RECITATIVE (Soprano)

And the angel said unto them: Fear not, for behold, I bring you good tidings of great joy, which shall be to all people. For unto you is born this day in the city of David a Saviour, which is Christ the Lord.

17 ACCOMPAGNATO (Soprano)

And suddenly there was with the angel, a multitude of the heavenly host, praising God, and saying:

18 CHORUS

Glory to God in the highest, and peace on earth, good will towards men.

19 AIR (Soprano)

Rejoice greatly, O daughter of Zion;
shout, O daughter of Jerusalem!
Behold, thy King cometh unto thee;
He is the righteous Saviour,
and He shall speak peace unto the heathen.

20 RECITATIVE (Alto)

Then shall the eyes of the blind be opened,
and the ears of the deaf unstopped.
Then shall the lame man leap as an hart,
and the tongue of the dumb shall sing.

15. TÓNLES (Sópran)

Og engill Drottins stóð hjá þeim og dýrð Drottins ljómaði kringum þá.
Þeir urðu mjög hræddir.

(Lúk 2.9)

16. TÓNLES (Sópran)

En engillinn sagði við þá: „Verið óhræddir, því, sjá, ég boða yður mikinn fögnuð sem veitast mun öllum lýðnum: Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs.

(Lúk 2.10–11)

17. TÓNLES (Sópran)

Og í sömu svipan var með englinum fjöldi himneskra hersveita sem lofuðu Guð og sögðu:

(Lúk 2.13)

18. KÓR

Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu og velpóknun Guðs yfir mönnum.

(Lúk 2.14)

19. ARÍA (Sópran)

Fagna mjög, dóttirin Síon,
lát gleðilátum, dóttirin Jerúsalem.
Sjá, konungur þinn kemur til þín.
Réttlátur er hann og sigursæll,
Hann mun boða þjóðunum frið

(Sak 9.9–10)

20. TÓNLES (Alt)

Þá munu augu blindra ljúkast upp
og eyru daufra opnast.
Þá stekkur hinn halt sem hjörtur
og tunga hins mállausa fagnar.

(Jes 35.5–6a)

21 DUET (Soprano/Alto)

He shall feed His flock like a shepherd;
and He shall gather the lambs with His arm,
and carry them in His bosom,
and gently lead those that are with young.

Come unto Him, all ye that labour, come unto Him that are heavy laden, and He will give you rest. Take His yoke upon you, and learn of Him, for He is meek and lowly of heart, and ye shall find rest unto your souls.

22 CHORUS

His yoke is easy, and his burden is light.

PART TWO

The accomplishment of redemption by the sacrifice of Jesus, mankind's rejection of God's offer, and mankind's utter defeat when trying to oppose the power of the Almighty

23 CHORUS

Behold the Lamb of God, that taketh away the sin of the world.

24 AIR (Alto)

He was despised and rejected of men, a man of sorrows and acquainted with grief.

He gave His back to the smiters,
and His cheeks to them that plucked off the hair:
He hid not His face from shame and spitting.

21. TVÍSÖNGUR (Sópran/Alt)

Eins og hirðir mun hann halda hjörð sinni til haga,
taka unglömbin í faðm sér
og bera þau í fangi sínu
en leiða mæðurnar.

(Jes 40.11)

Komið til hans öll þér sem erfiðið og þunga eruð hlaðin,
og hann mun veita yður hvíld. Takið á yður hans ok
og lærið af honum því að hann er hógvær og af hjarta
lítillátur og þá munuð þér finna hvíld sálum yðar.

Matt 11.28–29)

22. KÓR

Því að hans ok er ljúft og byrði hans létt.

(Matt 11.30)

ANNAR HLUTI

Fórn Jesú til syndaaflausnar, mannkyn afneitar fórn
Guðs og algjör uppgjöf mannkyns í baráttunni vil afl
almættisins.

23. KÓR

Sjá, Guðs lamb sem ber synd heimsins.

(Jóh 1.29b)

24. ARÍA (Alt)

Hann var fyrirlitinn og menn forðuðust hann,
harmkvælamaður og kunnugur þjáningum,

(Jes 53.3a)

Hann bauð bak sitt þeim sem börðu hann
og vanga sína þeim sem reyttu skegg hans,
huldi ekki andlit sitt fyrir háðung og hrákum.

(Jes 50.6) 13

25 CHORUS

Surely He hath borne our griefs,
and carried our sorrows!
He was wounded for our transgressions,
He was bruised for our iniquities;
the chastisement of our peace was upon Him.

26 CHORUS

And with His stripes we are healed.

27 CHORUS

All we, like sheep, have gone astray;
we have turned every one to his own way,
and the Lord hath laid on Him
the iniquity of us all.

28 ACCOMPAGNATO (Tenor)

All they that see Him laugh Him to scorn; they shoot
out their lips, and shake their heads, saying:

29 CHORUS

He trusted in God that He would deliver Him; let Him
deliver Him, if He delight in Him.

30 ACCOMPAGNATO (Tenor)

Thy rebuke hath broken His heart: He is full of heaviness.
He looked for some to have pity on Him, but there
was no man,
neither found He any to comfort Him.

25. KÓR

En vorar þjáningar voru það sem hann bar
og vor harmkvæli er hann á sig lagði.
En hann var særður vegna vorra synda,
kraminn vegna vorra misgjörða.
Honum var refsað svo að vér fengjum frið

(Jes 53.4–5)

26. KÓR

Og fyrir benjar hans urðum vér heilbrigðir.

(Jes 53.5)

27. KÓR

Vér fórum allir villir vegar sem sauðir,
héldum hver sína leið
en Drottinn lét synd vor allra
koma niður á honum.

(Jes 53.6)

28. TÓNLES (Tenór)

Allir, sem sjá hann, gera gys að honum,
geifla sig og hrista höfuðið.og segja:

(Slm 22.8)

29. KÓR

Hann treystir Guði. Nú ætti Guð að frelsa hann ef
hann hefur mætur á honum.

(Matt 27.43)

30. TÓNLES (Tenór)

Háðungin kramdi hjarta hans svo að hann örvænti.
Hann vonaði að einhver sýndi meðaumkun en þar
var enginn,
og að einhverjir hugguðu en fann engan.

(Slm 69.21))

31 ACCOMPAGNATO (Tenor)

Behold, and see
if there be any sorrow
like unto His sorrow.

32 ACCOMPAGNATO (Soprano)

He was cut off out the land of the living:
for the transgressions of Thy people was He stricken.

33 AIR (Soprano)

But Thou didst not leave His soul in hell; nor didst
Thou suffer Thy Holy One to see corruption.

34 CHORUS

Lift up your heads, O ye gates;
and be ye lift up, ye everlasting doors;
and the King of Glory shall come in.
Who is this King of Glory?
The Lord strong and mighty,
the Lord mighty in battle.
Lift up your heads,
O ye gates; and be ye lift up, ye everlasting doors;
and the King of Glory shall come in.
Who is this King of Glory?
The Lord of Hosts,
He is the King of Glory.

35 RECITATIVE (Tenor)

Unto which of the angels said He at any time:
Thou art My Son,
this day have I begotten Thee?

31. TÓNLES (Tenór)

Skyggnist um og sjáið,
finnst sú kvöl sem jafnast á við
þá sem á hann var lögð.

(Hlj 1.12)

32. TÓNLES (Sópran)

Hann var hrifinn burt af landi lifenda.
Vegna syndar míns lýðs var honum refsað.

(Jes 53.8b)

33. ARÍA (Sópran)

Því að ekki munt þú skilja sálu hans eftir í helju
og eigi láta þinn heilaga verða rotnun að bráð.

(Post 2.27)

34. KÓR

Þér hlið, lyftið höfðum yðar,
hefjið yður, þér öldnu dyr,
svo að konungur dýrðarinnar megi inn ganga.
Hver er þessi konungur dýrðarinnar?
Það er Drottinn, hin volduga hetja,
Drottinn, bardagahetjan.
Þér hlið, lyftið höfðum yðar,
hefjið yður, þér öldnu dyr,
svo að konungur dýrðarinnar megi inn ganga.
Hver er þessi konungur dýrðarinnar?
Það er Drottinn hersveitanna,
hann er konungur dýrðarinnar.

(Slm 24.7-10)

35. TÓNLES (Tenór)

Því við hvern af englunum hefur hann nokkru sinni sagt:
Þú ert sonur minn,
í dag hef ég fætt þig?

(Heb 1.5)

36 CHORUS

Let all the angels of God worship Him.

37 AIR (Soprano)

Thou art gone up on high;
Thou hast led captivity captive,
and received gifts for men;
yea, even from Thine enemies,
that the Lord God might dwell among them.

38 CHORUS

The Lord gave the word;
great was the company of the preachers.

39 AIR (Soprano)

How beautiful are the feet of them:
that preach the gospel of peace,
and bring glad tidings of good things.

40 CHORUS

Their sound is gone out into all lands, and their
words unto the ends of the world.

41 AIR (Bass)

Why do the nations so furiously rage together,
and why do the people imagine a vain thing?
The kings of the earth rise up,
and the rulers take counsel together
against the Lord, and against His Anointed.

36. KÓR

Allir englar Guðs skulu tilbiðja hann.

(Heb 1.6b)

37. ARÍA (Sópran)

Þú steigst upp til hæða,
hafðir á burt bandingja,
tókst við gjöfum frá mönnum,
jafnvel uppreisnarmönnum.
Drottinn Guð mun búa þar.

(Slm 68.19)

38. KÓR

Drottinn lætur boðskap út ganga,
heill her [fólks] flytur sigurfréttina:

(Slm 68.12)

39. ARÍA (Sópran)

Hversu yndislegir eru fætur fagnaðarboðans
sem friðinn kunngjörir,
gleðitíðindin flytur.

(Jes 52.7a)

40. KÓR

Boðskapur þeirra hefur borist út um alla jörð og orð
þeirra til endimarka heimsbyggðarinnar.

(Róm 10.18b)

41. AIR (Bassi)

Hví geisuðu heiðingjarnir
og hví brugguðu þjóðirnar fánýt ráð?
Konungar jarðarinnar risu upp
og höfðingjarnir söfnuðust saman
gegn Drottni og gegn hans Smurða.

(Post 4.25b–26)

42 CHORUS

Let us break their bonds asunder, and cast away
their yokes from us.

43 RECITATIVE (Tenor)

He that dwelleth in heaven shall laugh them to scorn;
the Lord shall have them in derision.

44 AIR (Tenor)

Thou shalt break them with a rod of iron; thou shalt
dash them in pieces like a potter's vessel.

45 CHORUS

Hallelujah! for the Lord God Omnipotent reigneth.

The kingdom of this world is become the kingdom
of our Lord, and of His Christ; and He shall reign for
ever and ever.

King of Kings, and Lord of Lords.
Hallelujah!

42. KÓR

Vér skulum slíta fjötra þeirra
og varpa af oss viðjum þeirra.“

(Slm 2.3)

43. TÓNLES (Tenór)

Hann, sem situr á himni, hlær,
Drottinn gerir gys að þeim.

(Slm 2.4)

44. ARÍA (Tenór)

Þú skalt mola þær með járnstaf,
mylja þær eins og leirker.

(Slm 2:9)

45. KÓR

Hallelúja, Drottinn Guð vor, hinn alvaldi, er konungur
orðinn.

(Opb 19.6b)

Drottinn og Kristur hans hafa fengið valdið yfir
heiminum og hann mun ríkja um aldir alda.

(Opb 11.15b)

Konungur konunga og Drottinn drottna.
Hallelúja!

(Opb 19.16b)

PART THREE

A Hymn of Thanksgiving for the final overthrow of Death

46 AIR (Soprano)

I know that my Redeemer liveth,
and that he shall stand at the latter day upon the earth.
And though worms destroy this body,
yet in my flesh shall I see God.

For now is Christ risen from the dead, the first fruits
of them that sleep.

47 CHORUS

Since by man came death, by man came also the
resurrection of the dead. For as in Adam all die, even
so in Christ shall all be made alive.

48 ACCOMPAGNATO (Bass)

Behold, I tell you a mystery; we shall not all sleep, but
we shall all be changed in a moment, in the twinkling
of an eye, at the last trumpet.

49 AIR (Bass)

The trumpet shall sound, and the dead shall be
raised incorruptible, and we shall be changed. For
this corruptible must put on incorruption and this
mortal must put on immortality.

ÞRIÐJI HLUTI

Þakkargjörðarsöngur vegna lokasigursins á
dauðanum

46. ARÍA (Sópran)

Ég veit að lausnari minn lifir
og hann mun síðastur ganga fram á foldu.
Eftir að þessi húð mín er sundurtætt
og allt hold er af mér mun ég líta Guð.

(Job 19.25–26)

En nú er Kristur upprisinn frá dauðum, frumgróði
þeirra sem sofnuð eru.

(I Kor 15.20)

47. KÓR

Eins og dauðinn kom með manni, þannig kemur
upprisa dauðra með manni. Eins og allir deyja vegna
sambands síns við Adam, svo munu allir lífgaðir
verða vegna sambands síns við Krist.

(I Kor 15.21–22)

48. TÓNLES (Bassi)

Sjá, ég segi ykkur leyndardóm: Við munum ekki öll
deyja en öll munum við umbreytast, í einni svipan, á
einu augabragði, við hinn síðasta lúður.

(I Kor 15.51–52a)

49. ARÍA (Bassi)

Því lúðurinn mun gjalla og þá munu dauðir upp rísa
óforgengilegir og við munum umbreytast. Forgengilegir
og dauðlegir líkamir okkar eiga að breytast í
óforgengilega líkami sem dauðinn nær ekki til.

(I Kor 15.52b–53)

50 RECITATIVE (Alto)

Then shall be brought to pass the saying that is written:
Death is swallowed up in victory.

51 DUET (Alto/Tenor)

O death, where is thy sting?
O grave, where is thy victory
The sting of death is sin, and the strength of sin is the law.

52 CHORUS

But thanks be to God, who giveth us the victory
through our Lord Jesus Christ.

53 AIR (Soprano)

If God be for us, who can be against us?

Who shall lay anything to the charge of God's elect? It is God that justifieth, who is he that condemneth? It is Christ that died, yea rather, that is risen again, who is at the right hand of God, who makes intercession for us.

54 CHORUS

Worthy is the Lamb that was slain,
and hath redeemed us to God by His blood,
to receive power, and riches, and wisdom, and
strength, and honour, and glory, and blessing.
Blessing and honour, glory and power,
be unto Him that sitteth upon the throne, and unto
the Lamb, for ever and ever. Amen.

50. TÓNLES (Alt)

Þá rætist það sem ritað er:
Dauðinn er uppsvelgdur í sigur.

(I Kor 15.54b)

51. TVÍSÖNGUR (Alt/Tenór)

Dauði, hvar er sigur þinn?
Dauði, hvar er broddur þinn?
En syndin er broddur dauðans og lögmálið afl
syndarinnar.

(I Kor 15.55–56)

52. KÓR

Guði séu þakkir, sem gefur oss sigurinn fyrir Drottin
vorn Jesú Krist!

(I Kor 15.57)

53. ARÍA (Sópran)

Ef Guð er með okkur hver er þá á móti okkur?

(Róm 8.31b)

Hver skyldi ásaka Guðs útvöldu? Það er Guð sem
sýknar. Hver sakfellir? Kristur Jesús er sá sem dæinn
er. Og meira en það: Hann er upprisinn, hann er við
hægri hönd Guðs og hann biður fyrir okkur.

(Róm 8.33–34)

54. KÓR

Maklegt er lambið slátraða
og með blóði sínu keypti það Guði til handa
að fá máttinn og ríkdóminn, visku og kraft,
heiður og dýrð og lofgjörð.
Honum, sem í hásetinu situr, og lambinu,
sé lof og heiður, dýrð og kraftur um aldir alda. Amen.

(Opb 5.12–13)

Eftirtaldir fá þakkir vegna flutnings Messíasar á Jólatónlistarhátíð í Hallgrímskirkju 2019:

Hallgrímssöfnuður – sóknarnefnd,
prestar og starfsfólk
Tónlistarsjóður
menntamálaráðuneytisins
Reykjavíkurborg
GEGG – pappírseildverslun
Hótel Holt
Litróf ehf.
Luxor
Tónlistardeild RÚV

Upplifun
Bernhöftsbakarí
Blómaval
Andrés Narfi Andrésson
Atli Freyr Steinþórsson
Ásdís Kristmundsdóttir
Erla Elín Hansdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Helgi Bragason
Heiðrún Björt Sigurðardóttir

Inga Rós Ingólfssdóttir
Katrín Sverrisdóttir
Karl Friðrik Hjaltason
Lára Bryndís Eggertsdóttir
Magnús Valur Pálsson
Sigurður Sævarsson
Snorri Sigfús Birgisson
Tuomo Suni
Þórhallur Vilhjálmsson

Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju:

Guðrún Hrund Harðardóttir
Tuomo Suni konsertmeistari

Stjórn Mótettukórsins:

Auður Perla Svansdóttir formaður
Halla Björgvinsdóttir ritari
Hrólfur Gestsson gjaldkeri
Herdís Hergeirsdóttir
Hrafnkell Karlsson

Listvinafélag Hallgrímskirkju:

Hörður Áskelsson listrænn
stjórnandi
Inga Rós Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri
Pétur Oddbergur Heimisson
verkefnastjóri
Dr. Salvör Nordal formaður
Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson ritari
Auður Perla Svansdóttir formaður
Mótettukórs Hallgrímskirkju
Rósa Gísladóttir
Sigurður Sævarsson

Varamenn:

Alexandra Kjeld
Benedikt Ingólfsson fulltrúi Schola
cantorum

Umsjón með efnisskrá:

Atli Freyr Steinþórsson

Uppsetning efnisskrár:

Heiðrún Björt Sigurðardóttir

Prentun:

Litróf



LITRÓF

